

*Halldóra Guðmundsdóttir fæddist á Háamúla í Fljótshlíð árið 1929. Hún ólst þar upp þar til hún og móðir hennar fluttust til systur Halldóru og manns hennar í Hvolhreppinn. Halldóra fluttist ung til Reykjavíkur og vann þar ýmis störf, svo sem í verslunum, á Umferðarmiðstöðinni og hjá Reykjavíkurborg.*



## **Langt á undan sinni samtíð**

Halldóra ólst upp í Háamúla, nokkrum bæjum innar en Múlakoti. Hún var því frá unga aldri heimagangur í Múlakoti, sem var nokkurs konar miðstöð sveitarinnar á þeim tíma. „Þarna var símstöð, og þá var kallað í símann, og einnig var maður sendur milli bæja með bréf og að ná í dagblöðin. Maður fór með þetta sem merkileg skjöl, að fá að fara þetta og maður óð þarna yfir lækina,“ rifjar Halldóra upp. Hún var síðar að vinna í skógræktinni sem var í Austurbænum í Múlakoti sumarið þegar hún var 14 ára.

## **Margt fólk og eftirminnilegt**

Múlakot var sannarlega eftirminnilegur staður og óvenjulegur fyrir margra hluta sakir. „Ólafur var alltaf að mála og spila plötur á grammófóninum, setti í hann nál og spilaði plötur. Það var eitthvað smávegis af plötum en ekki mikið, en okkur fannst þetta alveg stórkostlegt. Maður umgekkst þetta bara eins og þetta væri töfratæki, maður vildi vera passasamur.“

Í endurminningunni var alltaf fullt af fólki á staðnum. „Það voru listamenn sem voru að mála með Ólafi Túbals, og Guðbjörg og Túbal bjuggu þarna, höfðu sitt herbergi gömlu hjónin, og síðan náttúrulega Lára tengdadóttir gift Ólafi. Reynir sonur þeirra var strax duglegur við allt sem tengdist sveitastörfum, þar sem Ólafur var mikið að sinna sínum áhugamálum, að mála, og fara með mönnum að sýna þeim landslagið á hestum, alltaf farið ríðandi,“ segir Halldóra. „Ég man þegar Ólafur var með gesti þarna og það var verið að mála, fram á Fit sem kallað var og þeir voru gjarnan í pokabuxum, sem var alveg stórmerkilegt fyrir barn að sjá, maður hafði aldrei séð svona buxur,“ bætir hún við.

„Ég man mjög vel eftir einum sem var alltaf í vesti, og alltaf í pokabuxum, má segja öðru vísi klæddur, og ég man að mér var bannað að fara og trufla. Ég ætlaði að fara að skoða og mamma sagði nei. Ég var bara á vappi og horfði á þá mála í fjarska,“ rifjar hún upp.

Nokkrir voru sérlega eftirminnilegir. „Ég man eftir Ragnari Ásgeirssyni, hann var alltaf mjög flott klæddur, og Guðbjörg var sjálf að vefa, og það var mjög fallett sem hún óf. Ég veit að hann fékk hjá henni föt úr þessu efni, og eins var með Hákon Bjarnason skógræktarstjóra, hann gekk í fötum sem voru úr efni frá henni. Ég man einmitt eftir Hákonni í þessum fötum, sem voru brún, með spæl að aftan. Það var margt annað sem hún var að búa til og sem maður man eftir að maður horfði á, vissi í raun ekki hvað þetta var en fannst það merkilegt þar sem maður hafði hvergi séð þetta annars staðar,“ lýsir Halldóra. „Þetta fólk var svo langt á undan öðrum í allri hugsun, og maður smakkaði þarna mat sem var ekki alla jafna á borðum.“

### **Óstjórnlega fallettur garður**

Garður Guðbjargar er Halldóru sannarlega í fersku minni. „Hún var með garðinn afgirtan, og þetta var óstjórnlega fallettur garður. Síðan komu þarna alveg heilu farmarnir af fólki úr Reykjavík til að skoða garðinn og aldrei neinir peningar teknir fyrir. Seinna var þetta orðið svo mikið að þau fóru að taka pening fyrir veitingar og byrja að stækka húsin, þá var byggt þarna við,“ rifjar Halldóra upp.

„Fyrstu trén sem hún fékk voru frá bróður hennar Eyjólfu sem tók þau úr Nauthúsagili, á leið inn í Þórsmörk. Þá vantaði hana eitthvað að setja niður í þennan garð sem hún lét sig dreyma um, en þetta þótti fólki nú skrítið að eyða tíma í svona,“ útskýrir Halldóra.

Elín Maríusdóttir, barnabarn Eyjólfu bróður Guðbjargar, gifti sig í garðinum í júní 1946, og einnig gifti systir Halldóru, Guðrún Hulda, sig þarna í garðinum, líklega 1946 eða 1947. Þá var öllu tjaldað til og garðurinn lýstur upp með perum eins og frægt varð. „Ég held að það hafi verið fyrstu skiptin sem það var gert, þegar þær giftu sig, og þá voru þessar perur. Þær voru settar upp í trén, og þetta þótti mjög framúrstefnulegt.“

Garðurinn lét mikið á sjá í Heklugosinu 1947 og komu ýmsir úr Reykjavík til að hjálpa til við hreinsunarstörf. „Þá voru allir að fara þarna austur, þá voru margir sem gistu þarna og voru að fara að skoða gosið aftur og betur. Það var hreinsað víða, líka í Árkvörn og Háamúla og fleiri stöðum, en þetta byrjaði á að bjarga garðinum. Þetta þótti mikill missir ef garðurinn færi. Þegar ég kem þarna þá var búið að gjósa í einhvern tíma og ég fékk tár í augun, garðurinn var bara ónýtur þótti mér,“ segir Halldóra.

## Margir í heimsókn með rúttunni og til að gista

Í Múlakot kom fullt af fólki frá hinum ýmsu fyrirtækjum. „Þetta var þeirra árshátíð að fara í heimsókn og gista og allt þetta. Vegirnir voru allir malarvegir og þetta var þvílíkt ferðalag að fara á einum degi á milli. Fólk kom mikið á sumrin, og ég man að maður fór þangað til að sjá rúttunnar. Þarna var endastöð rúttunnar og þarna gistu bílstjórnarnir, og fengu matinn sinn þegar þeir komu. Þetta byrjaði smátt og smátt, og vatt síðan upp á sig,“ rifjar Halldóra upp.

„Ég man sérstaklega eftir konu sem gisti þarna sem var í utanríkisþjónustunni í Englandi, hún hét Brynhildur Sörensen og var með enskri vinkonu sinni, fröken Joyce minnir mig, og þær vildu fá mig með sér til Englands. Ég fór snemma að vera á hesti, og þeim fannst þetta merkilegt að þetta litla kríli, kannski 3-4 ára, væri á hesti. Þær vildu endilega fá mig með sér til Englands og síðan kæmu þær bara með mig til baka næsta vor. Hefði ég farið þá hefði stríðið verið búið að brjóta út. Mamma vildi alls ekki að ég færi, henni leist ekkert á að ég færi, mállaust barnið, og þá sagði Brynhildur: „Ég tala nú sérlega góða íslensku, frú mín góð!“ Ég fór ekki, hvað hefði gerst þá, maður veit ekki!“ segir Halldóra.

## Hugguleg stemning í borðsalnum

Halldóra man vel eftir hvað nostrað var við allt í borðsalnum. „Það voru dálítið notuð kerti þarna, það var nýtt að sjá það. Ég man eftir kertum sem voru sett á borð, á haustdögum þegar það voru rútur, og þá var farið að leggja á borð fyrir þá sem höfðu pantað kaffi í borðsalnum í miðhúsinu, langt kaffiborð. Ég spurði eitthvað út í þetta, og hélt að það væri einhver stórveisla, en þá var það að nú væri farið að skyggja og þá væri svo fallett að hafa þetta á borðinu. Og þá voru servíettur og búið að leggja fínt á borð af því að það var að koma rúta frá Reykjavík og það var búið að panta veitingar fyrirfram,“ lýsir hún.

Veitingarnar voru glæsilegar og eftirminnilegar. „Það var sérstaklega mikið af smákökum, og ég man sérstaklega eftir vanilluhringjunum, og hnoðuðu tertunum með sultunni, og náttúrulega flatkökum með hangikjöti. Það voru líka alltaf bakaðar jólakökur í sveitinni, og brúnkaka, marmarakaka og kleinur. Í Múlakoti var alltaf verið að baka eitthvað. Mér er það svo minnisstætt hvað var mikið bakað, að eiga nóg til,“ lýsir Halldóra.

## Kynntist fjölskyldunni vel

Halldóra kynntist fjölskyldunni í Múlakoti vel og á margar minningar um samverustundir með henni. „Lillý var fjórum árum eldri en ég en Fjóra eitthvað yngri, tveimur þremur árum, en hún var ekki með fullan þroska,“ segir Halldóra.

Ættmóðirin Guðbjörg tók alltaf vel á móti Halldóru. „Hún var alltaf glöð. Ég var boðin velkomin og hún sagði: „Sæl elskan mín, ert þú nú komin? Fáðu þér nú mjólkurglas,“ og þá var komið með hnoðaða tertu og alltaf vanilluhringi, þeir voru alltaf til,“ lýsir Halldóra.

„Þá var hún búið að láta byggja lítið hús í horninu, sem hún svaf í á sumrin, sem seinna var kallað lysthúsið, þetta var bara kallað litli kofinn hennar Guðbjargar á sínum tíma. Þarna fór hún á vorin þegar fór að hlýna í veðri, þarna var borð og stóll og rúmið hennar. Síðan, sennilega í norðausturhorninu, fór að vaxa reynitré, við vorum svo spenntar fyrst þegar það sást. Hún gætti þess að ekki yrði labbað á það, og einu sinni þegar ég var að fara þá var það

bara komið upp í loft. Hún var að vangaveltast hvort ætti að taka sneið úr loftinu og tryggja að það fengi vatn og leyfa því að vaxa, eða hvort ætti að taka ofan af því,” segir hún.

Halldóra man vel eftir klæðaburði og útliti Guðbjargar. „Hún var alltaf í íslenskum búningi ef hún fór af bæ, og heimavið var hún alltaf í síðu pilsu yfirleitt, og utan yfir í hnepptum slopp, með beinum vösum. Hún var mjög oft í mjög ljósu, ljósbláu eða teinóttu og hvítu jafnvel, klæðin minntu dálítið á hjúkrunarfræðing. Þessir sloppar voru svo hreinir alltaf, og hún var alltaf í pilsu innan undir. Þetta var aðkeypt efni, léreft eða eitthvað álíka og með hvítum tölum, og þessir vasar sem hún saumaði alltaf. Allt saman heimasamað, bara keypt í metrávis, og tölur voru varðveittar og notaðar aftur, og flíkin notuð alveg upp til agna og endaði sem tuskur,” rifjar Halldóra upp.

Greinilegt er að Guðbjörg var mikill kvenskörungur. „Hún var mjög grannvaxin og frekar hávaxin miðað við konur á þeim tíma. Hún var með langan háls, hún var tíguleg, en með mikla mildi í andlitinu. Hún var alltaf með fléttað hár. Tók flétturarnar upp, og hún hefur verið með sítt hár, ég man að það náði langt niður á bak, áður en hún var búin að setja þær upp. Ég man þegar hún var í íslenska búningnum, hún var mjög mittismjó. Hún var alltaf flott til fara, var svo hrein,” segir Halldóra.

Aðaláhugamál Guðbjargar alla tíð var skruðgarðurinn í Múlakoti. „Garðurinn var algjörlega hennar verk. Hún gerði allt og fékk okkur krakkana til að fara með rusl fyrir sig og gera holu og kveikja í því, okkur fannst það líka mjög merkilegt að gera það, því að þá var einhver tækni að taka smá torf í burtu og stappa svo ofan á. Hún rakaði þessu saman og bjó jafnvel til moltu, var eitthvað að safna saman og setja smá mold og sand. Hún var alltaf að dútla í þessu. Að halda öllu fínu, og sópa garðinn og við krakkarnir vorum voða stolt að fá að gera þetta með henni,” lýsir Halldóra.

### **Túbal lúrdi í kamesinu**

Þau gömlu hjónin, Guðbjörg og Túbal, voru alltaf eitthvað að gera og dunda að sögn Halldóru, en Túbal var með afskaplega lélegan maga, var alltaf illt í maganum. „Ég tíndi mjaðjurt fyrir hana, og hún óx á torfkofa heima, alveg fulla bréfpoka og fór með til hennar. Hún sauð þetta og lét hann drekka seyði af þessu til að hjálpa honum í maganum. Mér þótti þetta mjög mikið trúnaðarstarf að fá að gera þetta fyrir hana, mjög merkilegt,” segir hún.

„Guðbjörg hugsaði alveg um hann, þau voru með herbergi þarna inn af baðstofunni, kamesið, og þar var hann, lúrdi voða mikið. Hún var að láta hann hreyfa sig, og hann var eitthvað að dunda, og hann var óskaplega grannur og með yfirvaraskegg. Það fór lítið fyrir honum, Guðbjörg aftur á móti var kona sem fór ekki fram hjá þér, og ekki Lára tengdadóttir hennar heldur,” útskýrir Halldóra.

### **Lára sást aldrei setjast niður**

Lára Eyjólfsdóttir, eiginkona Ólafs, var sannarlega önnum kafin kona að sögn Halldóru. „Lára var mest í að elda, Lára sá ég held ég aldrei setjast niður. Það var verið að baka, ég man sérstaklega eftir vanilluhringjunum, hvað þeir voru fallega brúnir og hrukku bara undan tönnunum, svona kruðerí eins og Danskurinn segir, alveg virkilega góðir! Það var verið að elda, það var verið að þrifa og verið að strauja. Þegar gestakomurnar jukust fóru þau að taka

manneskjur. Hún átti töluvert af frænkum úr Reykjavík sem komu þarna á sumrin,“ útskýrir hún.

„Lára var alltaf að vinna, ég man aldrei eftir Láru sitjandi, aldrei! Ég sé hana fyrir mér labbandi um og búandi til eitthvað, ofninn á fullu, alltaf verið að búa til mat. Það var ekkert fát eða svoleiðis, fólk bara gekk að sínu. Ég held að allt hafi verið voða vel skipulagt, farið snemma á fætur og byrjað strax að gera verkin. Mér virtist Guðbjörgu og Láru koma mjög vel saman, en mér fannst alltaf einhvern veginn Guðbjörg vera með yfirstjórnina, alla vega svo lengi sem ég man,“ rifjar Halldóra upp.

Árið 1947, í gosinu, þá kom Halldóra austur í Múlakot og gisti. „Mér fannst svo fyndið að vera gestur í gestaherbergi upp á lofti, en ég var trúlofuð þegar þetta var og kærastinn var með mér,“ rifjar Halldóra upp. Morguninn eftir sagði hún við Láru að hún ætlaði nú að borga fyrir gistinguna. Lára tók það ekki í mál: „Maður tekur nú ekki hér á móti Fljótshlíðingum og lofar þeim að gista og lætur þá borga fyrir það!“ sagði hún. Hún átti bara ekki orð til, það kom bara ekki til greina!“ segir Halldóra.

Halldóra rifjar upp herbergjaskipanina. „Lára og Ólafur voru með sérherbergi, og Fjóla dóttir þeirra svaf alltaf inni hjá þeim, og síðan voru Reynir, Nína og Lilja, sem var nú alltaf kölluð Lillý, í baðstofunni. Síðan voru þarna kaupakonur á sumrin,“ útskýrir hún.

### **Listamaðurinn í hlíðinni**

Ólafur Túbals var mjög eftirminnilegur maður að sögn Halldóru, ekki síst þar sem hann skar sig úr miðað við bændur í sveitinni. „Ég man eftir að verið var að segja að þetta væri nú hræðilegt að hann Ólafur væri með einhverja útlenda menn í heimsókn og það væri sláttur og hásumar, og þetta væri nú ekki búsaeldarlegt. Aumingja Túbál að strákurinn skyldi vera svona, eini sonurinn, þetta þótti náttúrulega ekki í lagi,“ segir hún.

„Ólafur var með fullt herbergi af málverkum, hann gaf mér líka mynd í fermingargjöf af gamla bænum heima í Háamúla. Hann málaði mikið með vatnslitum,“ rifjar Halldóra upp.

### **Soffía á undan sinni samtíð**

Soffíu Túbals, systur Ólafs, þekkti Halldóra líka vel og vann hjá henni í eitt ár í öskjugerð undir silfurvörur og skartgrip í Reykjavík. „Það var líka listamaður í henni Soffíu. Allir silfursmiðir og kaupmenn voru með sín mynstur, mismunandi litir á öllum kössunum og allt handunnið. Hún var reyndar með vél til að sníða, og taka hornin, og síðan var þetta bara sett upp á tré og við límdum allt saman. Það var notað hveitilím og klæðingin lögð að innan, hún gerði það mikið sjálf, og hitt gerðum við,“ útskýrir Halldóra.

Soffía var sannarlega á undan sinni samtíð í mörgu. „Hún keypti sér bíl, Fiat, þótti ekki sérlega kvenleg en var myndarkona, fór í langar gönguferðir, passaði vel upp á mataræðið, og byggði sér lítið hús þarna lengst upp í brekkunni, rétt hjá Merkjánni, bar þangað allt byggingarefnið og allt, hún var æðislega dugleg,“ segir Halldóra.

### **Börnin vildu fá að gera gagn**

Börn Ólafs og Láru; Reyni, Lillý og Fjólu, þekkti Halldóra einnig. „Reynir var ekki neinn innanhússmaður en hann var góður bóndi og hugsaði vel um skepnurnar, en garðurinn varð ekki svipur hjá sjón,“ rifjar Halldóra upp.

Lillý var góð vinkona Halldóru. Hún var þroskahömluð „en hún gat lært að lesa. Það var farskóli í Hlíðarendakoti, og ég fór í hann með Lillý þrátt fyrir að ég hafi ekkert verið skólaskyld, bara til að fara með, hún vildi ekki fara ein,“ segir Halldóra.

„Á haustin þá fórum ég og Lillý og tíndum fræ, blómið var kallað keisarakróna, það er hátt blóm af liljuætt, þetta óx alveg meðfram garðsveggnum. Þarna tíndum við þetta í skál, servíetta höfð ofan í skálinni, og færðum henni Guðbjörgu. Hún ól hana mikið upp og reyndi að ná öllu því besta, lagði áherslu á að læsi, að hún færi með mér í þennan skóla og við fermdumst saman þó hún væri ári eldri. Þetta var gert til þess að hún fengi aðeins meiri skólagöngu. Hún átti til að hafa opinn munninn og þá átti ég að hnippa í hana ef þurfti og hún var með vasaklút og vissi af þessu. Hún gerði sér grein fyrir að það var eitthvað að og sagði stundum við mig: „Ég vildi að ég væri eins og þú.“ Hún var óörugg með sig og ósköp lítil í sér en amma hennar hafði virkilega gefið henni sjálfstraust,“ útskýrir Halldóra.

„Systir hennar Fjóla gat ekki svona, hún var bara eins og lítið barn. Við Lillý gerðum þetta stelpurnar og höfðum rosalegan áhuga og metnað að fá að taka þátt. Að gera gagn, þetta var eitthvað sem manni fannst merkilegt eða spennandi,“ segir hún.

Lillý var oft að vinna í sjoppunni út um gluggann á vesturgaflinum. „Ég kom þangað og verslaði og Lillý var að afgreiða þarna, og hún gat gert svona hluti. Hún var vakin og sofin yfir þessu, en þessi sjoppa var sett þarna upp af því að það kom mjög mikið af fólki á staðinn, sem var kannski ekki að kaupa veitingar, en það vildi fá gos, og súkkulaði og alls konar brjóstsykur og fleira. Ég man hvað Lilja var kát þegar ég kom í fyrsta skipti og hún sagði: „Nú ert þú að fara að versla við mig í alvörunni!“ – henni fannst þetta voða skemmtilegt,“ rifjar Halldóra upp.

### **Nína sinnti öllum þvottum og fleiru**

Jónínu Böðvarsdóttur, sem vann í Múlakoti í yfir 60 ár, þekkti Halldóra einnig. „Hún var alltaf kölluð Nína, lítil og þétt kona, hún sá alltaf um alla þvotta. Hún þvoði þvottinn með gamla mátanum og sauð hann þarna heima, og fór síðan með hann í hjólbörum vestur í læk. Hún var skyld mér, ættuð úr Nikulásarhúsum. Það fór lítið fyrir henni, hún var brosmild og var þarna alltaf til staðar,“ lýsir Halldóra.

„Hún var líka að skúra gólfín, hún skipti á rúmum þegar gistihúsið var að byrja. Hún var eins og á óræðum aldri, mér finnst Nína í minningunni alltaf hafa verið eins, og síðan var hún að prjóna og var mikið í þjónustustörfum, gera við og prjóna neðan við og framan við og svoleiðis. Ég man að hún var alltaf með prjónana, alltaf að,“ segir Halldóra.

Halldóra og sannarlega góðar minningar úr Múlakoti. „Það var alltaf þessi tilhlökkun að fara á þennan stað, af því að andrúmsloftið var svo gott. Það var talað við mann eins og hálfþorðinn og það var spurt um fréttir og það var nú aðallega hvort það hefði fæðst kálfur eða eitthvað svoleiðis! Hvort það væri búið að heyja, hefðu komið einhverjir gestir, því

stundum kom fólk heim, og það var þá að fá að fara yfir Þverána,“ rifjar hún upp. „Það leituðu þangað margir sem voru ekki eins og fólk er flest, þar sem þau voru langt á undan sinni samtíð,“ segir Halldóra að lokum.